



Aðildarfélög KSÍ
b.t. formanna/framkvæmdastjóra

Reykjavík, 19. september

Breyting á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Skil á leikskýrslu.
--

Ágætu félagar.

Á fundi stjórnar KSÍ 18. september sl. voru samþykktar breytingar á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Eftirfarandi er yfirlit yfir breytingar á texta í reglugerðum ásamt greinargerðum:

Það sem samþykkt hefur verið að falli inn í reglugerð er **rauðmerkt**.
Það sem samþykkt hefur verið að fella út úr reglugerð er ~~yfirstrikað~~.

REGLUGERÐ KSÍ um knattspyrnumót

9. grein – Leikskýrsla

9.7 Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðsstjórnar. Númer hvers og eins leikmanns skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi þannig þó að engir leikmenn sama liðs beri sama númer. Leikmaður skal bera númer 1 til 99 og skal númerið 1 aðeins úthlutað markverði.

9.7.1 Félögum ber að fylla út leikskýrslu á innri vef KSÍ í síðasta lagi 60 mínútum fyrir leik. Þegar bæði lið hafa fyllt út leikskýrsluna skal hún prentuð út, undirrituð af fulltrúum beggja félaga og afhent dómara eigi síðar en 45 mínútum fyrir leik.

9.7.2 Það er á ábyrgð heimaliðs að koma frágenginni leikskýrslu til dómara á réttum tíma.

37. grein – Sektir

37.7 Lið sem fer ekki eftir reglum 9. gr. um skil á leikskýrslu geta sætt sekt að upphæð allt að kr. 350.000,-.

Greinargerð:

Með breytingu þessari eru fyrirmæli um skil á leikskýrslu færð inn í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og framkvæmdastjóra KSÍ veitt heimild til að beita félög viðurlögum sem virða ekki fyrirmæli um skil á leikskýrslu.

Ef frekari upplýsinga er óskað má hafa samband við undirritaðan á netfangið axel@ksi.is eða í síma 510-2903.

Axel Kári Vignisson lögmaður,
yfirlögfræðingur KSÍ.